

Sp.

43. Tillaga til þingsályktunar

[40. mál]

um bann við kjarnorkuvopnum á íslensku yfirráðasvæði.

Flm.: Svava Jakobsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf er banni að geyma hvers konar kjarnorkuvopn hér á landi, sigla með þau eða fljúga með þau eða flytja þau með öðrum hætti um íslenskt yfirráðasvæði. Jafnframt verði kveðið á um eftirlit Íslendinga til að tryggja að þessi lög verði virk.

G r e i n a r g e r ð .

Enda þótt skoðanir séu skiptar um réttmæti erlendra herstöðva hér á landi, munu þó allir Íslendingar sammála um að hér skuli ekki vera kjarnorkuvopn. Engum dylst hvílikri hættu slíkt byði heim fyrir líf og öryggi íslensku þjóðarinnar.

Umræður um hugsanleg kjarnorkuvopn á Íslandi á undanförunum árum sýna hversu berskjaldaðir Íslendingar standa gagnvart hernaðarumsvifum Bandaríkjamanna hér á landi. Bandarísk yfirvöld neita að gefa upp hvort hér séu kjarnorkuvopn eða ekki, og íslenskir ráðamenn eiga ekki annars kost en flytja yfirlýsingar sem þeir hafa sjálfir engin tók á að sannreyna að séu réttar.

Vegna öryggishagsmuna íslensku þjóðarinnar hljótum við að gera hverjar þær ráðstafanir sem í okkar valdi standa til þess að tryggja að kjarnorkuvopnum sé bægt frá íslensku yfirráðasvæði. Flm. telur frumskilyrði að leitt sé í lög algert bann við geymslu hvers konar kjarnorkuvopna á íslensku landi og bannað sé að sigla með þau, fljúga með þau eða flytja þau með öðrum hætti um íslenskt yfirráðasvæði. Í framhaldi af slíkri löggjöf er eðlilegt að komið verði á eftirliti Íslendinga sjálfra til þess að tryggja að slík löggjöf verði virk meðan erlendur her og erlendar herstöðvar eru í landinu. Slíkt eftirlit þurfa að annast sérmenntaðir menn, sem hefðu í því skyni allan nauðsynlegan aðgang að herstöðinni.

1) Fyrstu þrír liðirnir eru samkvæmt álagningu. Að öðru leyti er um áætlanir að ræða.